

**G J A L D S K R Á**  
**um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar**  
**nr. 933/2020.**

1. gr.

■ Prestum ber greiðsla þóknunar fyrir þá þjónustu sem greinir í gjaldskrá þessari.

□ Þóknun reiknast í einingum og ákvarðar kirkjuþing verð hvernar einingar þegar þurfa þykir.

2. gr.

■ Greiða ber prestum fyrir þjónustu sem hér greinir:

<b>Þjónusta</b>	<b>Einingar</b>	<b>Fjárhæð, kr.</b>
a. Skírn, sem ekki fer fram í guðsþjónustu	0,7 ein.	7.272
b. Ferming	2,0 ein.	20.777
c. Hjónavígsla	1,3 ein.	13.505
d. Kistulagning	0,8 ein.	8.311
e. Útför	2,6 ein.	27.011
f. Jarðsetning duftkers eða kistu, sem ekki er í beinu framhaldi af útför	0,8 ein.	8.311
g. Vottorð um þjónustu prests	0,2 ein.	2.078

3. gr.

■ Þóknun vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem þjónustunnar beiðist.

4. gr.

■ Ferðakostnað prests vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem beiðist þjónustunnar.

□ Akstursgjald miðast við sama gjald og ríkisstarfsmenn fá greitt hverju sinni samkvæmt gildandi auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

□ Presti ber að upplýsa greiðendur fyrir fram um ferðakostnað.

□ Ekki skal greiða ferðakostnað vegna fermingar.

5. gr.

■ Presti er skylt að gefa út vottorð án endurgjalds um skírn og hjónavígslu, enda vitji hlutaðeigandi þess innan viku frá athöfn.

6. gr.

■ Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 753/2020, sem sett var með heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997, sbr. 3. gr. ákvæðis til bráðabirgða XIII í lögum nr. 95/2020.